

Verklagsregla um innri úttekt - jafnlaunakerfi

1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þessi verklagsregla tengist HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis Menntaskólans á Akureyri. Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að virkni jafnlaunakerfisins sé kannað með kerfisbundnum hætti með það að markmiði að leita tækifæra til umbóta í ferlum og á kerfinu. Verklagsreglan gildir fyrir innri úttektir vegna jafnlaunakerfis Menntaskólans á Akureyri.

2 ÁBYRGÐ

Fjármálastjóri undirbýr og ber ábyrgð á gerð úttektaráætlunar og að velja úttektaraðila vegna innri úttekta. Farið er yfir niðurstöður innri úttekta í rýni stjórnenda og er hluti af rýni stjórnenda að meta úttektaráætlun og samþykkja hana. Hann ber ábyrgð á að innri úttekt verði framkvæmd árlega og ber ábyrgð á úrvinnslu og eftirfylgni og skipuleggur.

Val á úttektaraðilum skal tryggja hlutlægni og hlutleysi úttektarferlisins. Skólinn lítur svo á að þeir sem komu að innleiðingu jafnlaunakerfisins og ábyrgðaraðili jafnlaunakerfis séu ekki óháðir aðilar í þessum skilningi og geta því ekki sinnt innri úttektum. Til þessa skal litið við val á úttektaraðilum hverju sinni.

3 FRAMKVÆMD

Fjármálastjóri gerir úttektaráætlun (**Innri úttekt - Áætlun**) og gætir þess að úttektaraðilar fái viðeigandi fræðslu.

Í innri úttekt er farið yfir jafnlaunakerfið, skjöl þess og skráningar, og rætt við starfsmenn eftir þörfum. Úttektaraðilar skrá tækifæri til úrbóta, frávik og athugasemdir sem fram koma á gátlista innri úttektar. Þegar úttekt er lokið tekur úttektaraðili saman úttektarskýrslu og kemur á framfæri við ábyrgðaraðila jafnlaunakerfis. Þau atriði sem koma fram í innri úttektum eru skráð og úrbætur ákvarðaðar samkvæmt VR-0025 Verklagsregla um frábrigði, úrbætur og forvarnir – jafnlaunakerfi.

Innri úttekt skal fara fram ekki seinna en í júní á hverju ári.

Niðurstöður innri úttekta eru vistaðar og þær rýndar samkvæmt HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis, kafla 4: Rýni stjórnenda.

Verklagsregla um innri úttekt - jafnlaunakerfi

4 TILVÍSANIR

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:

4.5.5 Innri úttektir

Skjöl og skrár sem tengjast verklagsreglu og vistuð eru á svæðinu Fjármálastjórn:

Innri úttekt - Áætlun

Úttektarskýrsla innri úttekta

Skjöl í gæðahandbók:

HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis

SS-0008 Jafnlaunastefna Menntaskólans á Akureyri

VR-0025- Verklagsregla um frábrigði, úrbætur og forvarnir – jafnlaunakerfi

5 BREYTINGAR